

**584. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
fimmtudaginn 13. janúar 2022
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓP), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 584 lögmætan.

Dagskrá:

1. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs - 2112062

Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi lögð fram til síðari umræðu. Áður á dagskrá 583. fundar sveitarstjórnar sem fór fram 15.12.2021.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða framlagða samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi og felur sveitarstjóra að senda hana til ráðherra til staðfestingar.

2. Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Tálknafjarðarhrepps. - 2112050

Gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Tálknafjarðarhrepps lögð fram til samþykktar. Mál frá 583. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 15.12.2021.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Tálknafjarðarhrepps.

3. Úthlutun byggðakvóta 2021 - 2022 - 2112083

Erindi frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu dags. 21.12.2021 þar sem tilkynnt er um fyrirkomulag á úthlutun byggðakvóta til byggðalaga fiskveiðiárið 2021/2022 og sveitarfélögum gefinn kostur á að senda ráðuneytinu tillögur að sérreglum. Fram kemur að á fiskveiðiárinu 2021/2022 hefur ráðherra 4.632 þorskígildistonn til ráðstöfunar til byggðalaga sem falla undir skilyrði a. og b. liðar í 1. gr. reglugerðar nr. 919/2021 um úthlutun byggðakvóta til byggðalaga á fiskveiðiárinu 2021/2022. Hluttur Tálknafjarðar í úthlutuninni er 6,49% eða 300 þorskígildistonn á fiskveiðiárinu 2021/2022.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps telur að ekki sé möguleiki á að koma hagsmunum samfélagsins að í úthlutun byggðakvóta með sérreglum þar sem ráðherra hefur ítrekað gengið í berhögg við óskir Tálknfirðinga um ákvæði í slíkum reglum. Því telur sveitarstjórn fullreynt að leggja fram sérreglur um úthlutun byggðakvóta á Tálknafirði og gerir það ekki fyrir fiskveiðiárið 2021/2022.

4. Umsagnarbeiðni vegna aukins umfangs seiðaframleiðslu Arctic Smolt í Norður-Botni. - 2112063

Erindi frá Skipulagsstofnun frá 20.12.2021 þar sem óskað er eftir því að Tálknafjarðarhreppur veiti umsögn vegna fyrirspurnar Arctic Smolt dags. 13.12.2021 um

matsskyldu vegna áætlunar fyrirtækisins um að auka umfang seiðaframleiðslu fyrirtækisins í Norður-Botni um 1.400 tonna lífmassa eða samtals í 2.400 tonn.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps bendir á að fullvissa þurfi að vera fyrir því að mengun vegna frárennslis og seyru sé í algjöru lágmarki og innan þeirra marka sem ásettanleg eru út frá náttúruverndarsjónarmiðum í þeim lokaða firði sem Tálknafjörður er. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við aðra þætti sem koma fram í fyrirspurn Arctic Smolt.

5. Hleðslustövar Tesla - 2112047

Erindi frá Bláma dags. 13.12.2021 vegna hleðslustöðva Tesla á Vestfjörðum.

Sveitarstjórn þakkar boðið og er tilbúin til að taka við hleðslustöðvum frá Tesla, en telur ekki rétt að sveitarfélagið beri kostnað vegna uppsetningar eða reksturs þeirra.

6. Tálknafjarðarvegur - 1911581

Erindi frá Vegagerðinni dags. 13.12.2021 vegna yfirfærslu veghalds Tálknafjarðarvegar frá Vegagerðinni til Tálknafjarðarhrepps.

Lagt fram. Sveitarstjórn bendir á bókanir sveitarstjórnar frá 573. fundi hennar 14.05.2021 og frá 578. fundi hennar 15.10.2021 varðandi yfirfærslu veghalds til Tálknafjarðarhrepps.

7. Valkostagreining - 2106168

Erindi frá Strandabyggð dags. 15.12.2021 og Árneshreppi dags. 06.01.2022 þar sem greint er frá viðbrögðum sveitarfélaganna við ósk Tálknafjarðarhrepps um óformlegar viðræður um sameiningar sveitarfélaga. Jafnframt er lagt fram svar Vesturbyggðar við sama erindi dags. 20.12.2021 þar sem kemur fram ósk bæjarstjórnar Vesturbyggðar um viðræður við sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps til að ræða sameiningarvilja þessara tveggja sveitarfélaga þegar niðurstöður óformlegrar könnunar Tálknafjarðarhrepps liggur fyrir.

Lagt fram.

8. Fjórðungsping 2022 - 2201004

Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dags. 03.01.2021 þar sem tilkynnt er um ákvörðun stjórnar Fjórðungssambandsins um að Fjórðungsping að vori verði haldið 06.04.2022, Fjórðungsping að hausti 09.09.2022-10.09.2022 og aukaping á kosningaári 14.06.2022.

Lagt fram.

9. Aðalfundur Hvetjanda 2022 - 2201008

Erindi frá stjórn Hvetjanda hf. þar sem boðað er til aðalfundar félagsins vegna rekstrarárins 2020. Fundurinn fer fram í Bolungarvík 17.01.2022.

Lagt fram.

10. Orkufundur 2021 - 2201012

Erindi frá Samtökum orkusveitarfélaga dags. 06.01.2022 þar sem boðað er til frestaðs orkufundar 2021, en hann fer fram í fjarfundi 14.01.2022.

Lagt fram.

11. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2022 - 2201021

Minnisblað sveitartjóra um stöðu verkefna lagt fram.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að reglubundinn fundur sveitarstjórnar í febrúar fari fram þriðjudaginn 8. febrúar 2022 og hefjist kl. 18:00.

Vegna niðurskurðar á úthlutun fiskveiðiheimilda gerir sveitarstjórn eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps mótmælir harðlega niðurskurði í úthlutun fiskveiðiheimilda fyrir fiskveiðiárið 2021/2022 og sérstaklega niðurskurði í strandveiðikvóta sem kemur afar illa við atvinnulíf á sunnanverðum Vestfjörðum.

Aflagjöld af afla strandveiðibáta í Tálknafjarðarhöfn skiptir gríðarlegu máli fyrir rekstur hafnarinnar og allur niðurskurður í þeim afla er hreint tekjutap fyrir Tálknafjarðarhöfn sem og aðrar hafnir. Allur niðurskurður á fiskveiðiheimildum kemur sér mjög illa fyrir þær útgerðir og þau fyrirtæki sem byggja tilveru sína á veiðum og vinnslu sem eru stór hluti af atvinnulífi sunnanverðra Vestfjarða og skipta samfélögin þar miklu máli.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps skorar á sjávarútvegssráðherra að endurskoða niðurskurð í strandveiðikvóta þannig að byggðir sem eiga undir högg að sækja atvinnulega séð, verði ekki fyrir enn frekara tjóni af samdrætti í veiðum en orðið hefur.

12. Fundargerðir 2021 stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga - 2103053

Fundargerð 64. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga sem fór fram 13.12.2021

Lagt fram.

**Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:05.**

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG)

Guðni Ólafsson (GÓ)

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (ÍÓÞ)

Björgvin Smári Haraldsson (BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)